

# Starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð

## Rifós hf, Kelduhverfi

kt: 500692-2869

*Gefið út af Hollustuvernd ríkisins í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*

### **1 Almenn ákvæði**

- 1.1 Heimil ársframleiðsla er allt að 500 tonn af laxi til manneidis í 40.140 rúmmetra eldisrými í sjókvíum og 200 tonn af bleikju í 12.000 rúmmetra eldisrými. Takmarkast losun á mengunarefnum og ásættanleg mengunaráhrif (býnningarsvæði) við starfsemi innan þeirra marka. Starfsleyfið tekur ekki til losunar efna af lista I, sbr. viðauka í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
- 1.2 Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3 Hollustuvernd ríkisins er skylt að endurskoða starfsleyfi þetta reglulega sbr. IX kafla reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- 1.4 Frágangur lóðarinnar skal vera snyrtilegur og í samræmi við kröfur heilbrigðisnefndar. Á öllu athafnarsvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis og skal öllum úrgangi komið fyrir samkvæmt fyrirmælum Hollustuverndar ríkisins. Um umgengnisreglur, sóttthreinsun og meðferð sýktra og sjálf dauðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.
- 1.5 Sé þess óskað, er stöðinni skylt að gefa Hollustuvernd ríkisins árlega skýrslu um eftirfarandi atriði: Framleiðslumagn, fóðurnotkun og fóðurgerð, meðal vatnsnotkun, magn og gerð hreinsiefna, sóttthreinsiefna og lyfja sem notað var á árinu. Sama á við um efni af lista II, sbr. viðauka í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Um skýrslugerð vegna eldisframleiðslu fer að öðru leyti samkvæmt 69. gr. laga nr. 76/1970, með síðari breytingum, um lax- og silungsveiði.
- 1.6 Um meðferð og frágang olíutanka og búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

### **2 Ákvæði er varða staðsetningu og umhverfi eldiskvíva**

- 2.1 Sjóeldiskvíar verði vel utan almennra siglingarleiðar og ef þannig háttar, nánar staðsettar í samráði við næstu hafnaryfirvöld.
- 2.2 Sjóeldiskvíar séu vel greinilegar að degi til eða merktar og í myrkri sé varúðarljós haft við þær ef þurfa þykir.

- 2.3 Sjómælingum Íslands verði tilkynnt um nákvæma staðsetningu eldiskvíanna svo unnt sé að merkja þær inn á sjókort, ef þess er talin þörf.
- 2.4 Verði rekstri eldiskvíanna hætt þá sé það tryggt að eldiskvíarnar ásamt viðkomandi mannvirkjum í sjó verði fjarlægðar án tafar.

### **3 Varnir gegn mengun umhverfis**

- 3.1 Stöðinni er skylt að sjá um að hindraður sé aðgangur vargfugls og annarra villtra dýra að hreinsivirki stöðvarinnar og úrgangi stöðvarinnar.
- 3.2 Fyrirtækið skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felst að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins og aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum stöðvarinnar m. a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og góðum starfsaðferðum við notkun efna og lyfja til að draga úr losun þessara efna út í umhverfið (PARCOM tilmæli 94/6). Einnig fellst í góðum starfsháttum: a) Orka skal vel nýtt, b) Dregið skal með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. c) gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.
- 3.3 Til að hindra að uppsöfnun fóðurleyfa á botni valdi losun mengunarefna sem verði til við loftfirrðar aðstæður og þannig hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og umhverfið er fyrirtækinu heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu.
- 3.4 Ef í ljós kemur óæskileg mengunaráhrif vegna stöðvarinnar sbr. ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns er stöðinni skylt að gera ráðstafanir til úrbóta þ. m. t. að koma á viðeigandi mengunarvarnabúnaði, eða að draga úr framleiðslu.

### **4 Ákvæði vegna starfsemi í landi**

- 4.1 Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í rotþró samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa.
- 4.2 Frárennsli frá slátrun og vinnslu fer um hreinsibúnað og í jarðveg. Kröfur um meðferð fráveituvatnsins mun verða endurskoðað við endurskoðun á starfsleyfi.
- 4.4 Lífrænn úrgangur svo sem dauður fiskur og vinnsluúrgangur skal fluttur til eyðingar, urðunar eða til vinnslu. Ganga skal frá honum í þetta lokaða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal gámana eftir notkun.

### **5 Eftirlit**

- 5.1 Umsjónarmaður stöðvarinnar skal annast innra eftirlit með framleiðslu stöðvarinnar og halda skrá yfir helstu atriði sem máli skipta varðandi framleiðslu, svo sem: a) Fjölda og þyngd fiska og breytingum á þessum tölum vegna flutninga, sölu eða dauða og fóðurnotkun og fóðurgerð.
- 5.2 Umsjónarmaður stöðvarinnar skal halda skrá yfir notkun hættulegra efna og lyfja.

- 5.3 Stöðin skal háð reglubundnu eftirliti Hollustuverndar ríkisins. Eftirlitið felur í sér:
- 1) Reglubundnar skoðanir á 12 mánaða fresti með þeim þáttum sem geta haft áhrif á ytra umhverfi. Í því felst m. a. athugun á hugsanlegri losun mengandi efna í vatn, loft eða jarðveg, meðferð hættulegra efna ss. hreinsiefna og lyfja, meðhöndlun frárennslis, meðhöndlun úrgangs, frágang ytra umhverfis.
  - 2) Fyrirtækið afli upplýsingar um endurnýjun vatns á svæðinu. Fyrirtækið kanni botninn undir og við eldiskvíarnar með sýnatöku og/eða myndatökum til að mæla samsöfnun og dreifingu úrgangsefna. Fimmta hvert ár, í fyrsta sinn árið 2002 geri fyrirtækið grein fyrir flutningi eldiskvía og magni og dreifingu úrgangsefna frá þeim til að meta megi áhrif þeirra á umhverfið.

## **6 Gjaldskrá**

- 6.1 Fyrirtækið skal greiða Hollustuvernd ríkisins gjald vegna útgáfu og kynningar á starfsleyfi þessu og eftirlitsaðila eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins sem umhverfissráðherra setur. Eftirlitsgjaldið skal standa undir kostnaði við eftirlit vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð.

## **7 Gildistaka**

- 7.1 Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, öðlast gildi þegar útgáfa og gildistaka þess hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda, og gildir til 20. apríl 2010. Starfsleyfi þetta gildir fyrir mengandi þætti í starfsemi Rifós hf, fiskeldisstöð. Starfsemin er einnig háð útgáfu rekstrarleyfis í samræmi við 3. mgr. 62. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Verði aðilaskipti að rekstrinum þarf nýr rekstraraðili að afla sér starfsleyfis.

Reykjavík 19. apríl 2000

Hollustuvernd ríkisins  
mengunarvarnir